

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

1. *Deiliskipulag tjaldsvæðis í landi Laugar við Hótel Geysi.*
Deiliskipulagssvæðið er um 3,6 ha að stærð og er hluti svæðisins þegar nýttur sem tjaldstæði. Á norðurhluta svæðisins er gert ráð fyrir tjöldum en ferðabílum á suðurhlutanum. Alls er gert ráð fyrir að um 800 manns geti verið á tjaldstæðinu í einu. Nýtt 150 m² þjónustuhús verður reist í stað hins gamla og mun hýsa almenna aðstöðu, litla verslun og íbúð tjaldvarðar. Aðkoma er frá Biskupstungnabraut og verður akfært innan svæðisins. Samþykkt í sveitarstjórn 7. mars 2013.
2. *Deiliskipulag tveggja frístundahúsalóða í landi Grafar, nr. 2 og 4 við Ársel.*
Deiliskipulagið nær yfir um 23.000 m² spildu sem skipt er í tvær, annars vegar 12.600 m² og hins vegar 10.400 m², frístundahúsalóðir. Heimilt er að reisa frístundahús á bilinu 30 – 250 m² og allt að 30 m² geymslu, svefnhús eða gróðurhús á hvorri lóð. Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.
3. *Deiliskipulag fjallasels við Þjófadál.*
Deiliskipulagið nær til 1 ha svæðis og nær til 16,7 m² skála, kamars og fyrirhugaðs salernishúss. Heimilt verður að viðhalda eða endurbyggja núverandi skála í sömu mynd og stærð, útbúa nýtt 10 m² salernishús og 3 m² vetrarkamar. Samþykkt í sveitarstjórn 7. febrúar 2012.
4. *Deiliskipulag fjallasels við Þverbrekknamúla.*
Deiliskipulagið nær til 0,7 ha svæðis og nær til 42 m² skála og 3,4 m² salernishúss. Heimilt verður að byggja allt að 70 m² skála, 10 m² salernishús, 30 m² skálavarðahús og 3 m² vetrarkamar. Samþykkt í sveitarstjórn 7. febrúar 2012.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 2. maí 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.